



Selfossi 25. maí 2016

Fundargerð stjórnar

5. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn miðvikudaginn 25. maí 2016, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Jón Valgeirsson, Ingibjörg Harðardóttir, Ásta Stefánsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15

1. Viðaukasamningur við Landsvirkjun

Ari sagði frá því að hann og Pétur munu undirrita viðaukasamning við Landsvirkjun þann 31. maí n.k.

2. Fjárhagsstaða BÁ

Pétur kynnti fjárhagsstöðu BÁ 30. apríl sl. miðað við fjárhagsáætlun.

3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar með tilliti til aukinna útgjalda

Miklar líkur eru á að þörf sé á auka fjármagni í rekstur BÁ vegna aukinna útgjalda sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Er það að langstærstum hluta vegna nýs kjarasamnings sem afturvirkur er til 1. maí 2015 og kom til leiðréttingar í maí. Stjórn heimilar slökkvistjóra að ganga frá yfirdráttarláni í Landsbankanum allt að upphæð kr. 15.000.000.- til að mæta auknum útgjöldum til ársloka. Viðauki við fjárhagsáætlun verður lagður fram á haustfundi Héraðsnefndar.

4. Stjórnarlaun

Laun stjórnarmanna fyrir hvern fund er 1,7% af þingfarakaupi auk aksturs en formaður er með 50% álag. Greitt er á fjögurra mánaða fresti.

5. Önnur mál

Umræða um varamenn í stjórn BÁ.

Næsti fundur verður mánudaginn 27. júní kl. 8:15

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 9:15

Ari Björn Thorarensen
Ingibjörg Harðardóttir
Ásta Stefánsdóttir

Pétur Pétursson
Unna Björg Ögmundsdóttir